

25. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 7. mars 2018 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Hjálmar Árnason, varafulltrúi Keilis
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Leyfisveitingar, verkefnastaða og öryggismál

Forstöðumaður sagði frá því að Þekkingarsetrið væri komið með leyfi til tilrauna á fiski til 12 ára frá Matvælastofnun. Farið var yfir verkefnastöðu en hún lítur vel út fyrir árið. Samningur við Stofnfisk hefur verið framlengdur út árið 2018 og eru allar líkur á að fyrirtækið verði hér eitthvað lengur en það. Stofnfiskur setti það skilyrði að öryggiseftirlit yrði aukið með búnaði utandyra í ljósi þess að umgangur þar mun mögulega verða meiri þar sem fjórar íbúðir eru komnar við hliðina á setrinu. Fyrirtækið hefur sett mikla fjármuni í uppbyggingu tækjabúnaðarins og framleiðslan er bæði mjög viðkvæm og verðmæt. Keyptar hafa verið öryggismyndavélar sem settar verða upp fyrir framan og aftan hús, og settar hafa verið upp lausar girðingaeiningar til bráðabirgða. Sent verður formlegt erindi til bæjarstjórnar þar sem óskað verður eftir því að sett verði upp varanleg girðing til að skilja lóðirnar að.

2. Starfsáætlun ársins kynnt

Forstöðumaður sagði frá helstu verkefnum ársins hjá Þekkingarsetrinu og stoðstofnunum þess. Starfsáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins www.thekkingarsetur.is

3. Viðhaldsáætlun ársins kynnt

Forstöðumaður kynnt viðhaldsáætlun ársins sem samþykkt hefur verið af byggingarfulltrúa Sandgerðisbæjar. Í ár verður stigi upp á efri hæð lagfærður, skipt um ónýtt gler í rúðum og hluti kaldavatns lagna endurnýjaðar.

4. Sameining sveitarfélaga – erindi frá undirbúningsstjórn

Í lok janúar barst erindi frá undirbúningsstjórn vegna sameiningar sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðisbæjar. Óskað var eftir upplýsingum frá stjórn Þekkingarsetursins til hvaða ráðstafana þurfi að grípa í ljósi þessara breytinga. Tveir samningar eru í gildi á milli setursins og Sandgerðisbæjar og mun forstöðumaður senda verkefnastjóra undirbúningsstjórnarinnar ósk um að þeir verði endurnýjaðir við nýstofnað sveitarfélag. Þá verður hvatt til þess að menningarfulltrúar og fulltrúar safna og sýninga í sveitarfélögunum hittist til að ræða stefnu nýja sveitarfélagsins í menningarmálum.

5. Önnur mál

a) Ákveðið var að ársfundur Þekkingarsetursins yrði haldinn fimmtudaginn 17. maí kl. 16. Næsti stjórnarfundur verður sama dag kl. 15. Samþykkt var að eftir fundinn yrði haldið upp á ákveðin tímamót sem kynnt verða síðar, og boðið upp á léttar veitingar.

Fundi var slitið kl. 17:00

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Jóna Rut Jónsdóttir - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Hjálmar Árnason - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign